

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. febrúar 2007

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum 466. mál, eignarhald prestssetra, skipan sóknarpresta

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 31. f. m., þar sem beðið er um umsögn Biskupsstofu vegna frumvarps til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, 466. mál, eignarhald prestssetra, skipan sóknarpresta.

Frumvarp þetta hlaut umfjöllun á Kirkjuþingi 2006, sbr. 3. mgr. og 4. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Á Kirkjuþinginu var lagt annars vegar fram, til umsagnar, frumvarp dóms- og kirkjumálaráðherra um breytingar á skipun sóknarpresta í embætti. Kirkjuþing samþykkti svofellda þingsályktun um það mál:

“Kirkjuþing fellst á að dóms- og kirkjumálaráðherra leggi frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 fram á Alþingi með eftirfarandi breytingum.

2. gr. frumvarpsins breytist svo:

1. ml. 1. mgr. orðist svo:

Biskup Íslands veitir þeim embætti sóknarprests eða prests sem hlotið hefur bindandi val eða kosningu, samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum, sbr. 59. gr.

Kirkjuþing leggur til að gildistaka frumvarpsins miðist við 1. desember 2007, þannig að Kirkjuþingi 2007 vinnist tími til að ganga frá nauðsynlegum breytingum á starfsreglum”.

Breytingartillögur Kirkjuþings hafa verið teknar upp í frumvarpið í þeirri mynd sem það var lagt fyrir Alþingi.

Hins vegar lagði Kirkjuráð fram, á Kirkjuþingi 2006, frumvarp um breytingar á ákvæðum 5. sömu laga í tengslum við samkomulag kirkjunnar og ríkisins um prestssetur frá 20. október 2006. Ákvæði þess frumvarps miða að því að lögfesta helstu atriði samningsins eins og nauðyn krefur. Er m.a. lagt til að eignarréttur Þjóðkirkjunnar á prestssetrum samkvæmt nefndum samningi verði lögfestur, svo og að lög um prestssetur nr. 137/1993 verði numin úr gildi.


Kirkjuþing 2006 ályktaði að beina þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðherra að flytja frumvarpið, sbr. 3. mgr. 27. gr. laga nr. 78/1997.

Þau tvö frumvörp sem Kirkjuþing 2006 afgreiddi, samkvæmt framansögðu, hafa nú verið sameinuð í eitt mál, 466. mál.

Kirkjuráð styður með hliðsjón af framansögðu, framgang frumvarpsins eindregið og leyfir sér að hvetja allsherjarnefnd til að mæla með samþykkt þess óbreyttu.

Kirkjuráð vekur athygli allsherjarnefndar á að Kirkjuþing þarf að breyta starfsreglum kirkjunnar verði frumvarp þetta samþykkt. Undirbúningur þess þarf að hefjast sem fyrst. Kirkjuráð leyfir sér því að beina þeim tilmælum til háttvirtrar allsherjarnefndar að flýta afgreiðslu málsins, svo sem unnt er.

Virðingarfyllst f.h. Kirkjuráðs


Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs